

Tillaga að þingsályktun

2. Grein 10. Reglugerðar BÍS hljóðar svo:

Þann má skipa skátaforingja sem æskir þess og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er vígður skáti.
2. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum skátaforingja.
3. hefur forræði á búi sínu og hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta s.l. 2 ár
4. er ekki á sakaskrá.
5. hefur lokið viðeigandi þjálfun til að gegna starfi sínu að mati skipunaraðila.
6. hefur unnið skriflegt heiti að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin og hann tekur að sér sem skátaforingi og að hann hafi aldrei gerst brotlegur gegn börnum. Að auki skal sá sem er skipaður félagsforingi hafa náð 25 ára aldri.

Ungmennaping 2018 leggur til að Skátaping skori á stjórn BÍS að fella úr gildi aldurskröfur á félagsforingja samkvæmt 10. Reglugerð 2. grein.

Greinagerð

Bandalag Íslenskra Skáta er æskulýðshreyfing. Það er ekki aldur skáta sem ákvarðar getu skáta til að gegna starfi félagsforingja. Sem dæmi má nefna að Skátahöfðingi Íslands, Marta Magnúsdóttir uppfyllir ekki þessar kröfur til að starfa sem félagsforingi en hefur traust BÍS til að vera andlit og ímynd skáta á Íslandi. Það ætti að vera í valdi skátafélaganna að ákvarða hvaða kröfur og viðmið þau setja á stjórnarmeðlimi sína, hver sem þau gætu verið.

Fyrir hönd Ungmennapings 2018,
Berglind Lilja Björnsdóttir, formaður Ungmennaráðs og róverskáti.